

25. fundur

Fundur var haldinn hjá æskulýðs- og íþróttanefnd mánudaginn 23.apríl 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru Gísli Sveinn Gretarsson, Sigrún Sævarsdóttir, Ísak Hilmarsson, Mattías Arnar Þorgrímsson, Ingi Ingason, Hreinn Þorkelsson, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Guðfinna Diego, Katrín Pálsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir.

1. Ungmennaráð.

Hluti ungmennaráðs kynnti skýrslu sem þau hafa unnið að í vetur. Sjá fylgiskjal. Miklar umræður urðu um skýrsluna og voru fundarmenn mjög ánægðir með störf ungmennaráðs. Lögð er mikil áhersla á að þessu verði fylgt vel eftir. Nefndin telur það grundvallaratriði að fenginn verði umsjónarmaður sem verði þeim til halds og trausts.

2. Skýrslur forstöðumanna.

Forstöðumaður íþróttahússins komst ekki vegna leka í íþróttahúsinu.

Félagsmiðstöð. Árshátið grunnskólans var haldin í mars með pompi og prakt, Stuðbandið með ball. Búið að vera bíó f. 1 bekk og uppúr. Samnesvika í apríl, allt nesið, forvarnavika, fyrirlesarar, peysukaup, bláar blöðrur. Bærinn borgaði útlagðan kostnað hjá okkur. Sameiginlegir styrkir fyrir nesið, frá Kaupþing kr. 25.000,- Grundarfjarðarbær kr. 75.000,- Ragnar og Ásgeir 15.000,-.Hjá okkur var Berglind í Átak með fyrirlestur um hreyfingu, hreysti og fl. boðið upp á boozt. Alda Baldurs með fyrirlestur um forvarnir, þjófnað, sakaskrá og annað þ.h. Opið hús, súkkulaði og vöfflur, úrslitakeppni Skarphéðins, spurningakeppni grunnskólans, fullt út úr dyrum. Er að koma að lokum í vetur, verða þó óvæntar upptakomur í maí.

3. Önnur mál.

Lagt fram bréf frá Jafningjafræðslu Hins hússins þar sem kynnt er lífstílsfræðsla, þ.e. vímuefnafræðsla, tölvufíkn og siðferði kynlífs og yrði það í tengslum við vinnuskólann.

Formaður sagði frá málþingi sem hún fór á í mars “ staða félags- og forvarnarstarfs ungs fólks í sveitarfélöum”

Mikil umræða um að koma á fitnessmóti, skólahreysti næsta vetur.

Sign

Margrét Ísleifsdóttir ritari
Katrín Pálsdóttir form.